



## HÁVIFOSS

(1902)

Fegurstir fossar verða þar, sem vatnsbreiða hraðar fram að brún, hvelfist síðan yfir hana og steypist fram af óskoruð öll breiðan.

Svo er um t. a. m. Skógfoss; honum er bezt lýst með þessum orðum Jónasar:

Hann breiðir fram af bergi hvítan skrúða.

Foss sá, er hér ræðir um, er nú að vísu ekki eins skrautlegur eða vel vaxinn og Skógfoss, en hann er miklu hærri, um 400 fet á hæð, og mun því vera einna hæstur foss á landinu, þeirra sem nokkurt vatnsmegn er í.

Hávifoss — er ég legg til að svo sé nefndur — verður þar, sem Fossá<sup>1)</sup> fellur ofan af hálendinu. Áður var undir fossinum hylur mikill, en hann fyllti af grjóti jarðskjálftasumarið (1896).

Furðu gegnir, að foss þessi skuli svo lengi hafa verið nafnlaus, þar sem mörgum hefir verið um hann kunnugt og hann sést jafnvel að langar leiðir neðan úr Landsveit. Að vísu er það nú ekki nema stúfur af honum sem sést.

Hvað fossinn hefir þótt merkilegur, má ef til vill marka af því, hvað mörg örnefni eru af honum leidd: Fossá, Fossheiði, Fossalda.

---

1) Fossá rennur í Þjórsá.

Nálægt fossinum er hið afarstórgarða jarðfall, sem nefnt er Hraunið (eða Hrunið), og má telja það einhverja síðustu viðbót við Suðurlandsundirlendið; undirlendið færir út kvíarnar, er saxast á hálendið. Og yfirleitt munu fossgljúfrin að jarðsögunni til vera með allra fróðlegustu stöðum á Íslandi.

Efst í berginu er blágrýti, og stuðlabergsstrengurinn, er greinilega sést á myndinni, hefir gert þenna hlykk á fossinn vegna þess, hvað hann er seinunninn. En undir blágrýtinu er mjög mikil þykkt af harðnaðri ármöl (hnnullungabergi), leir og fornum jökulurðum. Mjög mikið af þessari fornu og breyttu ármöl sést nú hér og hvar í bergi nálægt Þjórsá á margra mílna svæði, og bendir til, hvað Þjórsá er afargömul. Meginstraumur landsins hefir fallið um þessi svæði frá því löngu fyrr þá ísöld, er mönnum var kunnugt um hér á landi fram að 1899. Raunar hefir hinn forni árbotn, þegar fram í byggðir kemur, legið nokkur hundruð fetum hærra en núverandi botn Þjórsár.

En síðan þetta var, hefir Hávifoss orðið til og margir aðrir fossar, sem vonandi, sumir hverjir, eiga eftir að verða afl þeirra hluta, er gjöra skal.